HÚSLÝSING:

ALCAN á Íslandi
680466-0179
Straumsvík,
222 Hafnarfjörður

Landsnúmer 123154
Matshluti 12

Byggð verður viðbygging, „rampi 1" við austurgafl steypuskála – matshluta nr. 12 – yfirbyggður rampi sem tengir steypuskálann við kerskála 1.
Rampinn er ætlaður til að flytja deiglu (bráðið ál) úr kerskálunum inn í Steypuskálann í þar til gerðum bílum.
Rampinn er um 86m langur og hæðarmunur er 5,2m, frá aðalgólfi / jarðhæð steypuskálans (gk.5,8) að aðalgólfi / kerjagólfi kerskálans (gk.11,0).
Undirstöður rampans og allt burðarvirki frá gólfi og niður er gert úr járnbentri steinsteypu.
Neðsti hluti rampans er grundaður á steyptum sökkli og fyllt í undir plötu, en ofan þess hluta er rampinn byggður sem brú borin uppi af súlnapörum og veggskífum.
Burðarvirki veggja og þaks fyrir ofan gólf er úr stálbitum og súlum, en yfirbyggingin klædd áklæðningu á Z-prófila.
Rampahúsið er óupphitað og óeinangrað.

TEIKNINGAR / FRUMGÖGN
Aðaluppdráttur er byggður á eldri gögnum frá Alcan í Straumsvík og frumhönnunargögnum frá HRV Engineering, dags. í apríl 2011.

BREYTINGAR BRÚTTÓSTÆRÐA

Búttó-stærð matshluta 12 stækkar um 521,4m2 og 2.527,9m3 vegna rampa 1.

Steypuskálinn – mhl.12 – verður eftir stækkun 26.344,4m2 og 309.372,8m3 brúttó.

Brunavarnir í keyrslurampa milli Kerskála 1 og Steypuskála
Auk þess sem fram kemur í meðfylgjandi texta skulu brunavarnir vera í samræmi við brunahönnun Steypuskálans: ICC-ISAL Casthouse Conversion Report on Fire Prevention, ICC-611-RR-521-003-3, Date: 2010-September-29.

Lýsing mannvirkis
Keyrslurampinn tengir saman Kerskála 1 og Steypuskálann. Hann er ætlaður til að flytja deiglu (bráðið ál) úr kerskálunum og inn í Steypuskálann. Rampinn er um 86m langur og hæðarmunur er 5,2m, hærri endinn er við Kerskálann. Inn í rampanum um 20m frá Kerskála 1 er keyrsluhurð sem er alltaf lokuð nema þegar deiglubíll ekur frá Kerskálanum og inn í Steypuskálann. Í rampanum er einstefnuakstur og engin umferð nema deiglubíla.

Burðarvirki
Allt burðarvirki rampans frá gólfi og niður er gert úr járnbentri steinsteypu. Burðarvirki veggja og þaks fyrir ofan gólf er gert úr stálbitum og súlum. Utan á burðarvirkið koma Z-prófílar og áklæðning.

Flóttaleiðir
Engin umferð er um rampnn önnur en deiglubíla og vinna við tilfallandi viðhald og eftirlit. Flóttaleiðir eru út um báða enda rampans. Ekki er gert ráð fyrir því að hægt sé að opna keyrsludyrnar með handafli en í staðinn eru dyr á útvegg sitt hvorum megin við keyrsludyrnar þar sem hægt er að fara út á svalir og þá inn aftur hinumegin við keyrsludyrnar eða bíða björgunar á svölunum.

Neyðarlýsing
Í rampanum er neyðarlýsing í samræmi við ÍST EN 1838:1999 Lighting Application - Emergency Lighting og ÍST EN 50172:2004: Emergency Escape Lighting Systems.
ÚT-ljós verða við flóttadyrnar sitt hvoru megin við keyrsludyrnar.

Klæðningar
Allar klæðningar eru úr óbrennanlegum efnum.

Brunavíðvörunarkerfi
Handboðar verða staðsettir við báða enda rampans og við útgöngudyrnar sitt hvorum megin við keyrsludyrnar. Handboðarnir skulu vera beintengdir við öryggismiðstöð ÍSAL.
Frágangur brunaviðvörunarkerfisins (handboðakerfisins) skal vera í samræmi við ÍST EN 54: Fire Detection and Fire Alarm Systems.

Slökkvitæki og brunahanar:
Handslökkvitæki verða staðsett í samráði við eldvarnareftirlit.
Brunahanar eru sýndir á yfirlitsmynd vatnslagna á lóð ÍSAL.

Reyklosun
Hægt verður að reykræsa rampann með loftræsikerfi sem notað er til kælingar í Steypuskálanum, en aðloft þess kerfis kemur um ristar á útvegg rampans. Heildarafköst þessa kerfis eru 180.000m3/t.

Kaplar
Gert er ráð fyrir að kaplar í rampanum séu tregbrennanlegir í samræmi við IEC 60332.

Viðhald:
Viðhalds- og verklagsáætlun ásamt viðbragðsáætlunum skulu vera í samræmi við öryggisstefnu ÍSAL og skulu vera undir stöðugri endurskoðun. Viðhaldsáætlun skal uppfylla a.m.k. þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt reglugerð 200/1994.

Samþykkt þann
03 MAY 2012
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson



1:2000
100 0 100m

1 AFSTÖÐUMYND
mkv. 1:2000

Skýringar:
Legend:

C:\Users\Ilija\Desktop\As built teikningahaus.dwg

Útg.nr. Rev.no	Lýsing Description	Dagsetning Date	Hann/Tkn Des/Drw	Yfirf Chkd	Nótk.heim Suppl.Ref	Nótk.heim ISAL Ref
A	As built	23.03.2012	SK	SK		

This drawing is the property of Rio Tinto Alcan Iceland Ltd. and handed out for personal use only. It may neither be copied nor made available to others without permission of Rio Tinto Alcan Iceland Ltd. The receiver is liable for any misuse.

Stærð: Format: A1 Mkv.: Scale: 1:2000
Dimensions without tolerances according to ISO 2768-1 medium.

HRV HATCH CONSULTANTS ISAL PRODUCTION UPGRADE

GLÁMA·KÍM
Ármúla 1 • 108 Reykjavík • sími 568 1844 • fax 588 9515
• 530 8130 • 520 8130 • kt. 590 96 0750
glama@glamakim.is • www.glamakim.is

Dagsetning / Date	23.08.2011
Hannað / Designed	SK
Teikn / Drawn	SK
Verktaki / Supplier	GLÁMA·KÍM
Teikn.nr.verktaka / Supplier drw.no	A01.01
Samþykkt / Approved	
Yfirf / Chkd	SK
Hluti af: / Part of:	

ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK
RAMPI 1
MILLI STEYPUSKÁLA OG KERSKÁLA 1
AFSTÖÐUMYND

Flokkur nr.: | Blað nr.: | Næsta bl.nr.:
Kostn.nr.-Ccno. / Bún.nr.-Eq.no: 5010 16957

Teg.teikningar / Dwg. type: **AÐALUPPDRÁTTUR** Architectural: Building Application
AKS UF002

RioTintoAlcan
ISAL
Alcan Iceland Ltd
Straumsvík
IS-222 Hafnarfjörður
Iceland

Teikn.nr. ISAL /Drw.no. of ISAL: 253311
Breyt./Rev: A

ISAL Yfirfarið og skráð, dags / ISAL Checked, date
ISAL Samþykkt, dags / ISAL Approval, date